

**Grunnskóli
Hornafjarðar
470 8400**



Fundargerð

1. fundur í skólaráði Grunnskóla Hornafjarðar 2018-2019 2. okt. 2018 kl. 11:40 – 13:00 í Heppuskóla – stofu 8

Fundarstjóri: Þórgunnur Torfadóttir

Fundarritari: Anna Björg Kristjánsdóttir

Mættir: Anna Björg Kristjánsdóttir, Fjóla Jóhannsdóttir, Elín Magnúsdóttir, Þórgunnur Torfadóttir, Steinunn Hödd Harðardóttir, Aníta Aðalsteinsdóttir, Anna María Harðardóttir, Margrét Kristinsdóttir, Kristín Hermannsdóttir, Gunnhildur Imsland og Sunna Guðmundsdóttir.

Fundargestir kynna sig..

Dagskrá fyrsta fundar

- Viðfangsefni skólaráðs** – sjá reglugerð fyrir skólaráð í fundarboði. Hver fulltrúi fær möppu með hluta af gögnunum sem eru í viðhengi. Auk þess eru allir hvattir til að skoða heimasíðuna og koma með ábendingar um málefni sem þeir vilja taka á dagskrá skólaráðs í vetur. Skólanámskráin er á heimasíðu skólans og einnig er bent á lestrarstefnuna sem þar er.
Þórgunnur fór yfir hvað er á döfinni, sagði m.a. frá fjárhagsáætlanagerð næsta árs og greindi frá því helsta sem hefði verið beðið um í stofnbúnað. Það voru m.a. gúmmíhellur undir kastalann í Hafnarskóla, klukka utan á íþróttahúsið, tölvuvagnar og fleira.
- Fyrirkomulag funda.**
 - Fundartími vetrarins** – Ákveðið að hafa hann í hádeginu á þriðjudögum, einu sinni í mánuði, næsti fundur verður 13. nóvember.
 - Fundargerðir** – Fundarritari er einn af starfsmönnum skólans. Hann sendir fundarmönnum fundargerð að loknum fundi og þegar þeir hafa samþykkt fundargerð þá er hún birt á heimasíðu skólans <http://gs.hornafjordur.is/foreldrar/skolarad/>
 - Trúnaður og málefni einstaka nemenda eða starfsmanna.** Sú höfuðregla gildir að málefni einstaklinga eru **aldrei** rædd á þessum fundum heldur eru þau sett í annan farveg. Mikilvægt er að fulltrúar í foreldraráði séu í góðum tengslum við bakland sitt og geti komið málefnum þess á framfæri.
- Fulltrúi foreldra í skólanefnd** – Steinunn Hödd Harðardóttir verður fulltrúi foreldra í skólanefnd. Hún fær send gögn um fundina en síðan geta fulltrúar í skólaráði skipst á að mæta á fundina ef þeir vilja eða hún sér um það, allt eftir stöðunni hverju sinni.
- Myndataka nemenda** – ekki er ráð nema í tíma sé tekið. Í fyrra sáu skolamyndir.is um myndatökuna og það voru nemendur í 1., 4., 7., og 10. Bekk sem fóru í myndatöku. Bara jákvætt sem heyrst eftir þá myndatöku og ákveðið að halda áfram samstarfi við skolamyndir.is

5. **Plastlaus september – umhverfismál**, farið lauslega yfir flokkun í skólanum og hvernig gengur að flokka og láta sækja ruslið. Öflugt umhverfisráð í skólanum, könnun í síðustu viku um hvernig nemendur komi í skólann, verið að sækja um endurnýjun á Grænfánanum þetta árið. Þórdís og Sigurborg Jóna sjá um heilbrigði og velferð teymi skólans og umhverfismálin flokkast þar undir. Teymið er skipað 9 manns.

Hafnarhittingur aðeins ræddur og hvort eigi að halda hann og þá hvenær, HOV hefur séð um þetta. Hugmynd um að hafa hann yfir háveturinn, reynist stundum erfitt að finna tíma þegar líður fram á vor. Frístundadagur í Nýheimum 20. okt, þar fer fram kynning á ýmsum frístundahugmyndum, hugmynd um að kynna Hafnarhittinginn þar.

6. **Árshátíð skólans 24. október**, farið lauslega yfir stöðuna á henni.
7. **Klukkan utan á skólann**, sótt var um kaup á þeim í fjárhagsáætlun næsta árs.
8. **Önnur mál** –
Umræður um matinn í skólanum og hvort hafi orðið breytingar við að fá salatbarinn og fólk viðist vera almennt ánægt með hann.
Spurt er um fjarveru nemenda og hvort hafi orðið breytingar á þeim. Nú þegar er töluvert um fjarveru. Skólasóknarkerfinu var fyrst og fremst ætlað að fá fólk til að huga að þeim áhrifum sem fjarverur hafa á nemendur og til að auðvelda skólanum að bregðast við.

Næsti fundur ákveðinn þriðjudaginn 13. nóv kl. 11:40 í stofu 8 í Heppuskóla. Fundarmenn hvattir til að koma með hugmyndir að dagskrá og senda þær á thorgunnur@hornafjordur.is